

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 1192/2013

2014/EES/67/95

frá 22. nóvember 2013

**um samþykki fyrir virka efninu tembótríóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins
(EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við
framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN **EVRÓPUSAMBANDSINS**
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun ráðsins 91/414/EBE⁽²⁾ að gilda um virk efni sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar fyrir 14. júní 2011, að því er varðar málsméðferð og skilyrði fyrir samþykki. Að því er varðar tembótríón eru skilyrðin í a-lið 1. mgr. 80 gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 uppfyllt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/586/EB⁽³⁾.
 - 2) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum í Austurríki umsókn frá Bayer CropScience AG 25. nóvember 2005 um færslu virka efnisins tembótríóns á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun 2006/586/EB að málsskjölum væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.
 - 3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Tilnefnda skýrslugafaraðildarríkið lagði fram drög að matsskýrslu 7. febrúar 2007. Í samræmi við 6. mgr. 11. gr. reglugerðar
- (*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórn. ESB L 314, 23.11.2013, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2014 frá 30. september 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilagar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.
- (¹) Stjórn. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.
- (²) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjórn. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).
- (³) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/586/EB frá 25. ágúst 2006 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málsskjallanna sem lögð voru fram til nákvæmar athugunar með tilliti til hugsanlegrar færslu krómafenósíðs, halósulfúróns, tembótríóns, valífens og kúrbitsgulmósafkveiru af veikum stofni á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjórn. ESB L 236, 31.8.2006, bls. 31).

framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011⁽⁴⁾ var farið fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum 14. maí 2012. Mat Austurrikis á viðbótarupplýsingunum var lagt fram með uppfærðum drögum að matsskýrslu í september 2012.

- 4) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnun) endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um áhættumatið á varnarefnum með virka efninu tembótríóni⁽⁵⁾ fyrir framkvæmdastjórnina 6. mars 2013. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og þeirri endurskoðun lauk 3. október 2013 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um tembótríón.
- 5) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuverndarvörur sem innihalda tembótríón fullnægi almennt kröfum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsókuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja tembótríón.
- 6) Áður en samþykkið er veitt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja samþykkingu.

- 7) Án þess að það hafi áhrif á skuldbindingarnar í kjölfar samþykkis, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1107/2009, og með tilliti til hinnar sértaku aðstöðu sem skapast af umskiptum frá tilskipun 91/414/EBE yfir í reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ætti þó eftirfarandi að gilda: Aðildarríkin ættu að fá 6 mánaða frest að veittu samþykki til að endurskoða leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda tembótríón. Aðildarríkin ættu að breyta og

(⁴) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011 frá 25. febrúar 2011 um nákvæmar reglur um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/414/EBE að því er varðar málsméðferð fyrir matið á virkum efnum sem voru ekki á markaði tveimur árum eftir tilkynningardag tilskipunarinnar (Stjórn. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 51).

(⁵) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(3), 3131. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

skipta út leyfum eða afturkalla þau, eins og við á. Þrátt fyrir þann frest ætti að veita lengra tímabil til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölín í III. viðauka, eins og sett er fram í tilskipun 91/414/EBE, fyrir hverja plöntuverndarvöru og fyrir hverja fyrirhugaða notkun hennar, í samræmi við samræmdu meginreglurnar.

- 8) Reynslan sem fengist hefur af færslu virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, sem eru metin innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92⁽⁶⁾, hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari vanda virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa sem jafnast á við tilskipanirnar, sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka við þá tilskipun, eða reglugerðirnar þar sem virk efni eru samþykkt.
- 9) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011⁽⁷⁾ til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMPÝKKT REGLUGERÐ PESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virkum efnunum

Virkra efnið tembótríón, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Endurmat á plöntuverndarvörum

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda tembótríón sem virkt efni, eða afturkalla þau, eigi síðar en 31. október 2014.

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnaréfna (Stjórd. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10).

⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjórd. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þessa reglugerð hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í dálknum um sérteik ákvæði í þeim viðauka, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl, eða hafi aðgang að málsskjölum, sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE í samræmi við skilyrðin í 1. til 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar og 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og að teknu tilliti til dálksins um sérteik ákvæði í I. viðauka við þessa reglugerð, hverja plöntuverndarvöru sem leyfi er fyrir og inniheldur tembótríón, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnunum sem hafa öll verið skráð í viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 eigi síðar en 30. apríl 2014. Þau skulu ákvárdá á grundvelli þess mats hvort varan uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

- a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 31. október 2015 ef um er að ræða vöru sem inniheldur tembótríón sem eina virka efnið eða
- b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 31. október 2015 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturkóllun í viðkomandi gerð, eða gerðum, þar sem viðkomandi efni, eða efnunum, var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða þar sem efnið, eða efnin, fengu samþykki, ef um er að ræða vöru sem inniheldur tembótríón sem eitt af nokkrum virkum efnunum.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. maí 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Alment heiti, kennimáfimer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (%) ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértað ákvæði
Tembótíón CAS-nr. 335 104-84-2 CIPAC-nr. 790	2-[2-klor-4-mesyl-3-[2,2,2-trifluorotetíómetíyl]bensóyl]-sýklohexan-1,3-díón	≥ 945 g/kg Magn eftirfarandi Öhreiminda sem skipta máli má ekki vara yfir tiltekin viðmiðunarmörk í taekmílega efniu. Tóluen: ≤ 10 g/kg HCN: ≤ 1 g/kg	1. maí 2014 Magn eftirfarandi Öhreiminda sem skipta máli má ekki vara yfir tiltekin viðmiðunarmörk í taekmílega efniu. Tóluen: ≤ 10 g/kg HCN: ≤ 1 g/kg	30. apríl 2024	Við frankvænd samrændu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðanna í endurskoðunarskýslumni um tembótíón, einkum I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastaneftindarinnar um marvælaferlið og heilbrigði dýra frá 3. október 2013.

Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:

a) vernd notenda og starfsmanna,

b) áhettu fyrir lagerlfíverur.

Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr óhættu, eftir því sem við á.

(1) Frektari upplýsingar um auðkefni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýslumni.

II. VIDAUJKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenniminnar	IUPAC-heiti	Heinleiki (¹)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sérteik ákvæði
„59	Tembótíón CAS-nr. 335104-84-2 CIPAC-nr. 790	2-{(2-klor-4-mesyl-3-[{(2,2,2-trifluoretoxy)metyl]bensóyl}sýklóhexan-1,3-díón}	≥ 945 g/kg Magn eftirfarandi óneininda sen skipta málí má ekki fara yfir tittekin viðmiðunarmörk í teknilega efnum: Tóluen: ≤ 10 g/kg HCN: ≤ 1 g/kg	1. maí 2014	30. apríl 2024	Við framkvæmd samrændu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til náborstaðnumna í endurskoðunarskýslumni um tembótíón, einkum I. og II. viðbæti við hana, flokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og helibrigði dýra frá 3. október 2013. Í þessu heldarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) vernd notenda og starfsmanna, b) áhættu fyrir lagarlivver. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

(¹) Frekari upplýsingar um auðkenning og forskrift fyrir virku eftir er að finna í endurskoðunarskýslumni.